

UM SAM 1002 UPPLÝSINGATÆKNI – SAMRÆMING OG GÆÐI

Einingar:	3 ECTS einingar
Önn:	Haustönn.
Stig námskeiðs:	Diplómanám, grunnnámskeið.
Tegund námskeiðs:	Skyldunámskeið.
Undanfarar:	Upplýsingatækni í mannvirkjagerð – aðgerðir, þróun og tæknivæðing
Skipulag:	Kennt í 4 vikur um miðbik annar.
Umsjónarkennari:	Eyþór Rafn Þórhallsson.
Kennari:	Ingvar Heiðmann Birgisson

Lærdómsviðmið: Að loknu námskeiði er ætlast til að nemendur hafi öðlast eftirfarandi þekkingu, leikni og hæfni:

Þekking: Við lok námskeiðs mun nemandi hafa þekkingu á:

- Helstu hugbúnaðum til samræmingar og árekstrargreininga
- Gæðum og kröfum til upplýsingalíkana og hvernig þau nýtast
- Upplýsingaþörf í mismunandi fösum verkefna

Leikni: Við lok námskeiðs mun nemandi hafa leikni til að/ í að:

- Framkvæma árekstrargreiningar og miðlað niðurstöðum áfram
- Geta borið saman mismunandi útgáfur af hönnunargögnum
- Stilla upp kröfum á innihaldi upplýsingalíkana sem samsvara þörfum verkefnis og tilteknum vörðum verkefnis (LOD)
- Geta fyllt út LOD töflu og skilgreint IDM
- Skilgreina upplýsinga- og gagnflæði fyrir samræmingarferli
- Stilla upp samræmingaráætlun verkefnis

Hæfni: Við lok námskeiðs mun nemandi hafa hæfni:

- Til að gera samræmingaráætlun
- Til að samræma og skilgreina gæði á stafrænum gögnum í hefðbundnu verkefni

Lýsing: Á námskeiðinu er farið yfir ferli árekstrargreiningar og samræmingar með hjálp upplýsingatækni og hvaða hugbúnaður er til staðar. Einnig er farið yfir gæði líkana og kröfur til þeirra, t.d. hvaða upplýsingar þau hafa að geyma. Hvaða stafrænu gögn eiga að vera til staðar, miðað við tegund og stöðu verkefnis.

Lesefni: ekkert skráð lesefni

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, dæmatímar og verkleg kennsla.

Námsmat: verkefni og lokapróf

Tungumál: Íslenska